FRÉTTABRÉF
Með fréttum frá Íslendingum í Noregi

Íslenski söfnuðurinn í Noregi **Október 2019**



Stelpurnar úr ungmennahópnum leggja blómakrans að styttunni af Ólafíu. *Mynd: Freydisfoto*

Vel heppnuð Ólafíuhátíð

Góð mæting var á hátíð sem haldin var til heiðurs Ólafíu Jóhannsdóttur (1863-1924) sem starfaði meðal annars á strætum Oslóar þar sem hún hjálpaði vændiskonum, áfengissjúklingum og fátækum. Ólafía barðist einnig fyrir réttindum kvenna og var hún ein af stofnendum Hins íslenska kvenfélags.

Þann 22. október s.l. voru liðin 156 ár frá fæðingu Ólafíu Jóhannsdóttur. Af því tilefni var haldin minningarhátíð í Grønland kirkju, í Osló, s.l. sunnudag. Hátíðin byrjaði með ljúfum gítartónum Jónasar Elís og kósý stemningu á meðan hluti af ungmennahópnum sá um kökusölu. Þau bökuðu allt sjálf og seldu kökur og kaffi fyrir 3.896 kr og mun það renna óskert í Ólafíusjóð sem er hjálparsjóður ætlaður nauðstöddum Íslendingum í Noregi. Ungmennin okkar stóðu sig frábærlega og eiga hrós skilið fyrir sitt framlag til hátíðarinnar.

Dagskráin hófst með frábærum söng, söngflokksins LAFFÍ undir stjórn Rebekku Ingibjartsdóttur. Þau sungu þrjú lög og þar á meðal frumflutning á útsetningu eftir Finn Karlsson á laginu *Öfunda ég ærður súti*.

Á hátíðinni var einnig frumflutt myndband með viðtölum við einstaklinga sem þekkja til starfa Ólafíu. Myndbandið og myndir frá hátíðinni má nálgast inn á facebook síðu safnaðarins.

Ívar Örn Sverrisson, leikari, var kynnir á hátíðinni og sagði örlítið frá Ólafíu og hennar störfum í þágu bágstaddra.
Eftir dagskrána í kirkjunni var haldið af stað í ljósagöngu niður að brjóstmyndinni af Ólafíu í Vaterlandsparken. Þar var lagður blómakrans við styttuna og sr. Inga Harðardóttir sá um stutta helgistund í tilefni dagsins, í anda Ólafíu. Rebekka og Laffí stýrðu fjöldasöng á Lofsöngnum og tók fólk vel undir. Hátíðinni lauk að söngi loknum.

Við viljum þakka öllum þeim sem sáu sér fært um að koma.

Kæru Íslendingar nær og fjær í Noregi!

Sr. Inga Harðardóttir skrifar

Grænir skógar, há fjöll, fossandi ár og lækir, iðandi mannlíf, samheldni, vinátta og velvild hafa tekið á móti mér hvarvetna á fyrstu vikum í nýju starfi. Ég er þakklát fyrir að hafa verið kölluð til þjónustu við ykkur, kæru Íslendingar í Noregi, og geng til spennandi og krefjandi verkefna með gleði og tilhlökkun. Samstarf við tengiliði víða um Noreg er mikilvægt fyrir Íslenska söfnuðinn og þess vegna megið þið gjarnan láta vita ef þið viljið taka þátt í samstarfi við okkur um sunnudagaskóla, barna- og unglingastarf, guðsþjónustur, sálgæslu og/eða aðra þjónustu sem við, sem kirkjan ykkar, og ég, sem presturinn ykkar, getum veitt.

Jónína Margrét Arnórsdóttir er nú formaður safnaðarstjórnarinnar og Berglind Gunnarsdóttir hefur verið ráðin til starfa á Ólafíustofu. Stjórn safnaðarins, starfsmaður og prestur ganga samstíga og full bjartsýni inn í haustið og veturinn, tilbúin sem teymi að byggja upp, sýna frumkvæði, læra af mistökum og gera sitt besta til að Íslenski söfnuðurinn geti verið lifandi, uppbyggilegt og hlýtt samfélag allra Íslendinga í Noregi.

Í september hófst vetrarstarf safnaðarins í Ólafíustofu í Osló með dagskrá fyrir 60+ hópinn sem hittist einu sinni í mánuði, Krílakaffi, fermingarfræðslu, unglingahittingum og TTT krakkaklúbb fyrir Tíu-Til-Tólf ára. Guðsþjónustur verða einu sinni í mánuði í Osló, og verið er að skipuleggja guðsþjónustur og barna- og unglingastarf víða um landið.

Ólafíustofa er opin alla daga kl. 10-14 og þar má alltaf líta við í spjall og kaffisopa, og eins má bóka samtal eða sálgæsluviðtal við prestinn ef það er eitthvað sérstakt sem liggur ykkur á hjarta. Sálgæsla felur í sér að vera samferða gegnum erfiðleika í lífinu, sama hvort það eru erfiðar ákvarðanir, áföll, sorg, einmanaleiki eða þungar tilfinningar sem þið viljið tala um, eða hvaðeina sem hvílir á ykkur. Svo má auðvitað alltaf hafa samband ef þið eruð í skírnar-, fermingar- eða hjónavígsluhugleiðingum til að skipuleggja og undirbúa hátíð sem hentar ykkur.

Dagskrá safnaðarins út árið 2019

Nóvember		
1.11	Ungmennahittingur– hrekkjavaka	Ólafíustofa kl. 17:30-20:00
03.11	Fermingarfræðsla	Ólafíustofa kl. 11:00-13:00
03.11	Allraheilagramessa og sunnudagaskóli	Bøler kirkja kl. 15:00
07.11	Krílakaffi – Pálína Ósk Hraundal	Ólafíustofa kl. 11:00-13:00
12.11	TTT– Leikir og fjör	Ólafíustofa kl. 16:30-18:30
14.11	60+ Kvikmyndadagur – Íslensk mynd sýnd	Ólafíustofa kl. 12:00-14:00
15.11	Ungmennahittingur	Ólafíustofa kl. 17:30-20:00
21.11	Krílakaffi	Ólafíustofa kl. 11:00-13:00
22.11	Leikhúsferð 60+	Nationaltheatret kl 19:30
23.11	Fjölskyldustund og messukaffi í Kristiansand.	Hellemyr kirke kl 13:00
24.11	Fjölskyldustund og messukaffi í Sandefjord.	Sandar kirke kl 14:00
26.11	TTT- Piparkökubakstur	Ólafíustofa kl. 16:30-18:30
29.11	Ungmennahittingur	Ólafíustofa kl. 17:30-20:00
Desember		
01.12	Fermingarfræðsla	Ólafíustofa kl. 11:00-13:00
01.12	Aðventuhátíð og sunnudagaskóli í Oslo.	Staðsetning auglýst síðar.
05.12	Krílakaffi– Aðventuhátíð og laufabrauðsgerð	Ólafíustofa kl. 11:00-14:00
07.12	Jól í Osló-Jólatónleikar	Nordic Black Theatre kl. 21:00-23:00
07.12	Hátíðarguðþjónusta og jólaball í Bergen	Staðsetning auglýst síðar.
08.12	Hátíðarguðþjónusta og jólaball í Stavanger	Staðsetning auglýst síðar
10.12	TTT– jólakósý	Ólafíustofa kl. 16:30-18:30
12.12	60+ Aðventufundur – hangikjöt og jólastemmning	Ólafíustofa kl. 12:00-14:00
13.12	Ungmennahittingur	Ólafíustofa kl. 17:30-20:00
14.12	Hátíðarguðsþjónusta og jólaball í Kristiansand.	Hellemyr kirke kl. 13:00
15.12	Hátíðarguðsþjónusta og jólaball í Sandefjord.	Sandar kirke kl. 14:00
21.12	Hátíðarguðsþjónusta og jólaball í Þrándheimi.	Bakke kirke kl. 14:00
26.12	Hátíðarguðsþjónusta og jólaball í Osló	Bøler kirke kl. 15:00

Birt með fyrirvara um breytingar, fylgist með á facebooksíðu safnaðarins.

Rúgbrauð

Innihald:

- 4 bollar rúgmjöl
- 2 bollar heilhveiti
- 1ltr súrmjólk (Ég nota kulturmjølk)
- 500gr síróp
- 3 tsk salt
- 3tsk natron

Aðferð:

1. Hitið ofninn í 100°c
2. Blandið öllum hráefnum vel saman. Ég nota hrærivél en það er líka hægt að blanda þessu með sleif.
3. Smyrjið form með loki eða lokið með álpappír. Einnig er hægt að nota mjólkurfernur, þær þarf ekki að smyrja.
4. Hellið deiginu í formin (hálf fyllið þau) og lokið. Bakið við 100°c í 9 tíma (fínt að baka yfir nótt)

Berið fram með góðu smjöri.

Eitt af því sem ég sakna mest frá Íslandi er rúgbrauð. Fyrstu árin, eftir að ég flutti til Noregs, var ég í því að flytja inn rúgbrauð frá Íslandi til að geta borið fram með grjónagraut og soðnum fiski. Karl Eskil Pálsson fréttamaður, var svo yndislegur að gefa mér uppskrift af brauðinu og er þetta eitt af því auðveldasta sem hægt er að baka. Ég ætla því að deila með ykkur uppskriftinni og skora á ykkur að prófa.

Verði ykkur að góðu!
Með kærri kveðju, Freydís

Elín og Unnur *Mynd: Freydisfoto*

TTT - Tíu til tólf ára starf í Ólafíustofu

Hópastarf fyrir 10-12 ára krakka hófst að nýju í október og verður annan hvern þriðjudag kl 16:30-18:30. Umsjón með TTT hafa Freydís Heiðarsdóttir og Inga Harðardóttir.
Við ætlum að leika, spila, spjalla, gera tilraunir, spila músíkbingó, mála piparkökur og fleira. Næsta þriðjudag, 29. október, verður hrekkjavökuþema. Þá ætlum við að gera Ólafíustofu drungalega, mála okkur, skera út grasker og fá okkur hrekkjavökusnarl. Þann 12. nóvember ætlum við að spila „minute to win it“ leiki.
Við hlökkum til að sjá ykkur í Ólafíustofu!

Nýir leiðtogar í sunnudagaskólanum

Elín Björg Eyjólfsdóttir og Unnur Eyrún Kristjánsdóttir hafa tekið við sem leiðtogar í sunnudagaskólanum í Osló. Við óskum þeim til hamingju með starfið.

FRÉTTABRÉF
Með fréttum frá Íslendingum í Noregi
Netfang: frettabref@kirkjan.no
Ritstjóri: Freydis Heiðarsdóttir
Ábyrgðarmaður: Katla Sveinbjörnsdóttir
Útgefandi: Íslenski söfnuðurinn í Noregi

Hlakkar til að heyra sögur Íslendinga í Noregi

Sr. Inga Harðardóttir er nýráðin sem sóknarprestur Íslenska safnaðarins í Noregi. En hver er Inga? „Ég er fædd og uppalin í Reykjavík en bjó fyrstu árin mín í Þýskalandi, þar sem foreldrar mínir voru við nám.” Pabbi Ingu er Hörður Áskelsson, organisti í Hallgrímskirkju og móðir hennar er Inga Rós Ingólfsdóttir, sellóleikari, og óhætt er að segja að tónlistin sé allt í kringum Ingu því systir hennar, Guðrún Hrund, er víóluleikari og Áskell, bróðir hennar, er líka tónlistarmaður. Guðmundur Vignir Karlsson, eiginmaður Ingu, er líka tónlistarmaður og saman eiga þau þrjú börn, Björt Ingu 18 ára, Ísleif Elí 14 ára og Kolbein Una 7 ára.

Sr. Inga Harðardóttir *Mynd: Freydisfoto*

Inga segist hafa verið að flýta sér að verða fullorðin og kláraði menntaskólann á þremur árum. Hún kom víða við á námsferlinum meðal annars í hönnun og heimspeki en hún vissi ekki hvað hún vildi verða. „Ég vissi að ég vildi gera eitthvað lifandi og skapandi og eitthvað sem skiptir máli.” Inga var hikandi í guðfræðináminu og fannst það ekki nógu skapandi en eftir að hún fór að vinna í barnastarfi í Kópavogskirkju meðfram námi fann hún að þar lá köllunin, í kirkjunni í samfélagi við Guð og menn, því að vinna með fólki þykir Ingu best í heimi.
Árið 2012 útskrifaðist Inga úr guðfræðinni og hóf störf í Hallgrímskirkju það sama ár. Þar sá hún um allt barna- og æskulýðsstarf, fræðsluheimsóknir fyrir skóla, fjölskyldumessur, fermingarfræðslu, foreldramorgna, krílasálma og öldrunarstarf. Inga var sjálf feimin og hlédræg á unglingsárum og fór aldrei í æskulýðsstarf, en í dag finnst henni mjög skemmtilegt að vera með krefjandi hóp af unglingum. „Eltingaleikir í Hallgrímskirkju hafa verið hluti að starfinu mínu undanfarin ár. Ég veit ekki hvernig það verður að fara í eltingaleik hér í Ólafíustofu, en við sjáum til.”

„Ég elska Osló“
Inga kom nokkuð oft hingað til Noregs á yngri árum í heimsókn til ættingja en svo liðu mörg ár áður en hún kom aftur og þá til að heimsækja Íslenska söfnuðinn í fyrra. „Hér líður okkur vel og okkur er vel tekið“. Fjölskyldan er að koma sér fyrir í gulu húsi í hlíðum Oslóar og er að venjast nýja lífinu. „Osló er bara svo æðisleg borg. Bæði vinaleg, græn og friðsæl, en líka með iðandi menningu og stórborgarstemmningu. Ég bara elska Osló!”

Fyrsta skírnin *Mynd úr einkasafni*

En hvað ætli Ingu finnist mest spennandi við nýja starfið? „Það er svo margt spennandi en fólkið sem ég fæ að vinna með finnst mér áhugaverðasti og mikilvægasti hluti starfsins. Ég hef mikinn áhuga á manneskjunni, og finnst lífssögur fólks svo merkilegar og ég hlakka til að heyra sögur Íslendinganna í Noregi“ segir hún að lokum.

Fjölskyldan *Mynd úr einkasafni*

Berglind *Mynd: Freydisfoto*

Nýr starfsmaður á skrifstofu

Berglind Gunnarsdóttir hefur verið ráðin til starfa á skrifstofu safnaðarins. Berglind býr í Hokksund með manni og þremur börnum. Hún er grafískur hönnuður og vefhönnuður. Við hlökkum til að njóta krafta hennar á skrifstofunni og bjóðum hana velkomna til starfa.

Allraheilagramessa

Guðsþjónusta og sunnudagaskóli
í Bøler kirkju 3. nóvember kl 15:00
Sr. Inga Harðardóttir predikar og þjónar til altaris.
Meðhjálpari er Jónína Arnórsdóttir.

Kammerkórinn Laffí syngur undir stjórn Rebekku Ingibjartsdóttur, sem jafnframt syngur einsöng.

Zsolt Anderlik leikur á píanó.

Fermingarbörn aðstoða við messuna.

Huggulegt messukaffi
og hlýtt samfélag eftir messuna.

Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra, í heimsókn hjá 60+

Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra Íslands í Noregi ásamt hópnum í Ólafíustofu.

Hlýja og hlátrasköll er það fyrsta sem kemur í hugann þegar hópurinn 60+ er annars vegar. Einu sinni í mánuði, það er annan fimmtudag hvers mánaðar, hittist yndislegur, hlýr og glaðvær hópur fólks í Ólafíustofu í Osló til að eiga saman gæðastund. Samveran hefst kl. 12 með stuttri bænastund áður en boðið er upp á huggulegan hádegisverð, kaffi og köku. Í október var troðfullt hús því þá fengum við góðan gest í heimsókn en Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra Íslands í Noregi, leit við og sagði aðeins frá sjálfri sér, sveitastelpunni og sendiherranum, ólíkum verkefnum og áskorunum sem fylgja nýja starfinu. Henni var vel fagnað og er greinilegt að við höfum fengið flottan fulltrúa til starfa fyrir Íslands hönd. Næst á dagskrá hjá 60+ er kvikmyndadagur þann 14. nóvember og aðventuveisla þann 12. desember.

Samverustundir 60+ hópsins hefjast kl. 12 og þeim lýkur um kl. 14, eða þegar dagskrá er lokið. Hægt er að skrá símanúmerið sitt á lista til að fá skilaboð um næstu samveru en einnig er hægt að fylgjast með á facebook síðu safnaðarins. Ekkert kostar að vera með en tekið er á móti frjálsum framlögum í Ólafíusjóð, hjálparsjóð nauðstaddra, við hádegisverðinn.
Verið hjartanlega velkomin að bætast í hópinn!

Alltaf stuð á ungmennahittingi

Annan hvern föstudag er líf og fjör í Ólafíustofu á hittingi fyrir ungmenni í Osló og nágrenni. Þarna er góður andi vináttu og kærleika sem skiptir mestu máli en svo er líka bara svo gaman að hitta jafnaldra sína, elda mat, fíflast smá og æfa íslenskuna. Það er alltaf boðið upp á einhverja hressingu eða mat (pizzur, vöfflur, pylsur, taco ofl.) og svo er eitthvað skemmtilegt gert, t.d. farið í leiki, keppni eða þrautir, spilað, spjallað, bakað eða föndrað en dagskráin er alltaf gerð í samráði við hópinn. Meðlimir hópsins eru á aldrinum 13-20 ára og umsjón hafa Rebekka Ingibjartsdóttir og Lilja Margrét Ómarsdóttir. Ungmennahópurinn er með eigin síðu á fb sem heitir Ungmennahópur Íslensku kirkjunnar í Noregi. Hópurinn hittist kl. 17.30-20.00 á föstudögum og fram að jólum eru það föstudagarnir 1., 15. og 29. nóvember og 13. desember.

Líf og fjör *Mynd: Freydisfoto*

Freydís Heiðarsdóttir Mynd: Freydisfoto

Menningarfulltrúi ráðinn

Við fögnum því að fá fjölhæfa og drífandi manneskju í Ólafíuteymið okkar, en Freydís Heiðarsdóttir, ljósmyndari og förðunarfræðingur, hefur tekið að sér að vera menningarfulltrúi Íslenska safnaðarins. Hún var kosin í Menningar- og listanefnd á aðalfundi í vor en eftir að nefndin leystist upp á haustdögum var ákveðið að fela Freydísi að vinna að þeim verkefnum sem snúa að menningarstarfsemi safnaðarins í vetur, í góðri samvinnu við stjórn og annað starfsfólk safnaðarins.

Freydís mun einnig hafa umsjón með TTT – tíu til tólf ára starfinu í Osló, taka myndir af viðburðum á vegum safnaðarins og ritstýra fréttabréfi Íslenska safnaðarins.

Við bjóðum hana hjartanlega velkomna til starfa!

Inga og Kolbrún syngja fyrir Elmar Braga *Mynd: Freydisfoto*

Krílakaffi í Ólafíustofu

Krílakaffi er farið af stað í Ólafíustofu. Þetta eru notalegar samverustundir þar sem foreldrar, au pair og afar og ömmur geta hist með litlu ungunum sínum. Það er alltaf heitt á könnunni, og boðið upp á smá hressingu.
Svo er líka dásamlegt að leyfa litlu börnunum að taka þátt í stuttri söngstund, spjalla á íslensku um hvað sem er auk þess sem það eru leikföng og teppi fyrir litlu börnin.
Við hlökkum til að eiga margar gæðastundir saman en fjölskyldumorgnar verða einu sinni til tvisvar í mánuði í vetur. Stundum verður opið hús með notalegri samveru en stundum boðið upp á fræðslu eða fyrirlestur.
Verið velkomin !

Ólafíusjóður – hjálparsjóður fyrir nauðstadda Íslendinga í Noregi

Íslenski söfnuðurinn stendur á bak við Ólafíusjóð en sjóðnum er ætlað að mæta tímabundnum erfiðleikum t.d. í tengslum við veikindi, dauðsfall eða önnur áföll sem dunið geta yfir einstaklinga og fjölskyldur. Einnig er hægt að sækja um úthlutun fyrir jólin en sjóðsstjórn metur hverja umsókn fyrir sig.
Í stjórn Ólafíusjóðs sitja Ágústa María Arnardóttir Figved, Rannveig María Gísladóttir og Steinunn Þórðardóttir. Varamaður í stjórn er Guðbjörg Magnúsdóttir og starfsmaður Ólafíusjóðs er prestur safnaðarins, Inga Harðardóttir.
Umsóknareyðublað má finna á heimasíðu safnaðarins www.kirkjan.no og hægt er að senda umsóknina inn í tölvupósti merkt *Trúnaðarmál* á olafiusjodur@kirkjan.no eða í pósti merkt *Ólafíusjóður*, Íslenski söfnuðurinn í Noregi, Pilestredet Park 20, 0176 Oslo.
Þeir sem vilja leggja málefninu lið geta lagt inn á reikning sjóðsins 51320522416 (merkt Ólafíusjóður) eða vipps 580447.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi

Opið virka daga kl. 10.00-14.00.
Sími: 22 36 01 40
Ólafíustofa:
Pilestredet Park 20, 1. hæð
0176 Osló
Veffang: www.kirkjan.no
Netfang: starfsmadur@kirkjan.no

Sóknarprestur: Inga Harðardóttir
Sími: 40 55 28 00
Netfang: prestur@kirkjan.no

Viðtöl eftir samkomulagi

Íslenski barnakórinn í Noregi

Íslenskur barnakór hefur hafið göngu sína í Osló.

Gróa Hreinsdóttir er stjórnandi kórsins. Gróa hefur víðtæka menntun og reynslu sem kórstjóri og undirleikari og hefur starfað við það í mörg ár.
Æfingar eru u.þ.b. annan hvern sunnudag í Ólafíustofu, Pilestredet Park 20, Osló, kl 14.
Næsta æfing verður sunnudaginn 3. nóvember **kl 13.**
Þeim sem hafa áhuga á kórnum er bent á að skrá barnið og fylgjast með á facebook síðu kórsins, www.facebook.com/islenskibarnakorinn.

Mynd mánaðarins - Þröstur Eiríksson

Þröstur Eiríksson býr í Korsvoll í Osló, þar sem hann hefur búið bráðum í 11 ár. Þröstur er sjálfmenntaður áhugaljósmyndari og tekur næstum einungis myndir á ferðalögum. Myndin er tekin uppúr miðnætti eina sumarnótt í Uttakleiv í Lofoten, þar sem Þröstur og fjölskyldan voru á ferðalagi árið 2015. Það má sjá fleiri myndir eftir Þröst á heimasíðu hans *www.the-photos.net* .